

Ársfundur Vorstehdeildar 29.02.2024

Haldin á kaffihúsi Dýrheima.

Fundur settur kl 18:08 af formanni deildarinnar, Kjartani Antonssyni.

Formaður leggur til að Arna Ólafsdóttir sé fundastjóri, engin mótmæli bárust og þakkar Arna traustið og leggur til að Hafrún Sigurðardóttir verði ritari fundar. Engin mótmæli bárust við því.

Lögmæti fundar var kannað og engin mótmælti lögmæti hans.

Fundargestir eru eftirfarandi:

Kjaran Antonsson

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir

Guðmundur Pétursson

Arna Ólafsdóttir

Friðrik Þór Hjartarson

Hafrún Sigurðardóttir

Jón Valdimarsson

Guðni Stefánsson

Díana Sigurfinnsdóttir

Anna Jóna Halldórsdóttir

Brynjar S. Sigurðarsson

Erla Sævarsdóttir

Friðrik G. Friðriksson

Sölvi Helgason

Kjartan Antonsson formaður les ársskýrslu. Þar er farið yfir störf og viðburði deildarinnar og skýrslan er samþykkt að undanskildu að laga þarf nafn á eiganda besta hunds í UF.

Fundastjóri biður formann deildarinnar að fara yfir fjárhag deildarinnar. Deildin á 379.928 kr og væri þetta ekki gerlegt nema fyrir okkar góðu styrktaraðila.

Því næst tilkynnir fundastjóri að komið er að kosningu nýrra stjórnar. Í fráfarandi stjórn eru þau:

Kjartan Antonsson

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir

Guðmundur Pétursson

Ingvar Karl Hermannsson

Bergur Árni Einarsson

Þau hafa öll ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram og eru því 5 laus sæti.

Tveir aðilar höfðu sent fráfarandi stjórn framboð sitt í tölvupósti þar sem þeir gátu ekki mætt, það voru þeir Hannes Blöndal og Arnar Már Ellertsson. Kjartan formaður les upp þeirra framboð.

Hafrún Sigurðardóttir, Brynjar S. Sigurðarsson og Friðrik Þór Hjartarson buðu sig einnig fram. Engin önnur framboð komu og var stjórn því sjálfkjörin og núverandi stjórn er eftirfarandi:

Friðrik Þór Hjartarson
Hafrún Sigurðardóttir
Brynjar S. Sigurðarsson
Hannes Blöndal
Arnar Már Ellertsson

Fundastjóri tilkynnir að nú fari fram heiðrun stigahæstu hunda. Heiðraðir voru stigahæsti hundur í UF, stigahæsti hundur í OF og stigahæsti hundur deildarinnar en það er sá hundur sem er með flest samanlögð stig.

Stigahæsti hundur í UF:
Ice Artemis Brún eigandi Sölvi Helgason

Stigahæsti hundur í OF:
Ljósufjalla Heiða eigandi Friðrik Þór Hjartarson

Stigahæsti hundur deildarinnar:
Ljósufjalla Heiða eigandi Friðrik Þór Hjartarson

Því næst leggur fundastjóri til að farið er í önnur mál.

Anna Jóna Halldórsdóttir biður um orðið. Anna Jóna tók sér góðan tíma til að tala um og upplýsa fundagesti um Heiðnabergsgotið (skyldleikagotið). Hún talar um hvernig staðið var að gotinu og um skelfilegt ástand tíkarinnar og að eigandinn hafi verið mikið veikur og ekki skilið almennilega það sem um var að vera. Ástandið var það slæmt að hún fékk að taka hvolpana dags gamla heim til sín til að sjá um þá. Þá hafi tíkin ekki verið mjólkandi og hvolparnir og tíkin mjög horuð. Anna Jóna segir frá því að einn hvolpur hafi verið dauður í tíkinni og tveir eða þrír hvolpar hafi drepist síðar. (Ritari náði því ekki hvort það voru tveir eða þrír) Þá kemur spurning úr sal hvort hvolparnir hafi verið krufnir. Anna Jóna segir að það hafi ekki verið gert. Þá kemur önnur spurning úr sal hvort það eigi nokkuð að aflétta ræktunarbanni á þessum hvolpum. Anna Jóna segir að aldrei eigi að rækta undan þeim. Hún segir jafnframt að þeir hvolpar sem lifðu séu fínir fjölskylduhundar.

Anna Jóna talaði einnig um flogveikina sem hefur komið upp í stofninum. En innflutt tík greindist með flogaveiki eftir að hafa átt 2 got eða samtals 22 hvolpa. Fyrsta flog hennar kom nokkrum dögum eftir að seinna gotið hafði farið á sín framtíðarheimili. Fyrir höfðu tveir hundar úr fyrra goti fengið flog. Það var mikið áfall fyrir þau þegar í ljós kom að tíkin var sú sem bar flogaveikina áfram. Ákveðið hefði verið að halda þessu leyndu í einhvern tíma.

Lagt var til að halda fundi áfram, Arna fundastjóri spyr hvort séu fleiri mál, svo var ekki og þá vildi Kjartan Antonsson halda áfram að ræða um skyldleikagotið og flogaveikina sem greinst hafði í stofninum.

Kjartan sagði að aldrei ætti að falla frá ræktunarbanni á þessa hvolpa (Heiðnabergs) þar sem skyldleikastuðull væri í það minnsta 38 en það hefði líka verið um skyldleikaræktun fyrr í þessari ræktun

svo skyldleikaræktun væri í raun hærrí. Anna Jóna sagði það rétt vera en bætti við að það yrði aldrei ræktað undan þeim hvort sem er.

Kjartan viðraði einnig áhyggjur sínar af flogaveiki sem komin er upp í stofninum og hversu mikið áfall það er fyrir alla þá sem bera hagsmuni tegundarinnar fyrir brjósti. Það yrði að taka það föstum tókum að ekki yrði ræktað undan hundum þar sem flogaveiki væri áberandi í blóðlínunum. Við yrðum að hugsa um stofninn og ræktun hans númer eitt en ekki tilfinningasemi vegna vinskapar og tengsla þegar eitthvað kemur upp á.

Í framhaldi af umræðu um veikindi í stofninum bar Dána Sigurfinnsdóttir upp spurningu um hvort ekki hafi verið skoðað með að skima fyrir öðrum sjúkdómum eins og t.d. Lupus þar sem það hafði greinst í ákveðnum línunum. Ný stjórn sagðist ætla að kanna það og einnig að skoða hvað nágrannalöndin okkar gera. Tillaga kom frá Guðna Stefánssyni að fylgjast með rannsóknum á flogaveiki í Noregi og ætlar ný stjórn að kanna það. Arna stingur uppá að við ákveðum hvað við gerum í millitíðinni til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að flog berist áfram í stofninum.

Dána Sigurfinnsdóttir og Erla Sævardsóttir ræddu um að þeim hefðu þótt skrif Kjartans Antonssonar á netinu í garð þeirra særandi og sögðu að það hefði hamlað þeim í að taka þátt í starfi og viðburðum deildarinnar. Hafrún kvatti til að halda sameiginlegar æfingar fyrir sýningar því þetta snýst allt um hundana. Kjartan sagði að það væri þeirra ákvörðun hvort þær ákváðu að mæta á viðburði eða ekki útaf honum.

Arna fékk eftirfarandi skilaboð á fundinum:

Beðið um að koma fram nafnlaust: „hvort að ársfundur samþykki að skora á HRFI að leggja niður dómaraaráð í núverandi mynd.“

Kjartan kemur með tillögu eftir umræður um málið að ný stjórn hafi samband við stjórnir hinna fuglahundadeildanna og sameiginlega verði skorað á HRFI um að skoðað verði verklag dómaraaráðs og farið fram á breytt verklag þar.

Andrúmslofið á fundinum var tilfinningaþrungið en samt gott og erfið mál voru rædd, og voru fundarmeðlimir allir sammála um að þessi erfiðu mál þarf að tala um, og það þarf að vinna í þeim og hafa hag og heilsu Vorsteh stofnsins að leiðarljósi. Fólk fór sátt og þakklátt frá fundinum.

Fundi slitið klukkan: 19:40

Viðauki

Stjórn fékk tilkynningu eftir fundinn að stigagjöf fyrir stigahæstu hunda hefði ekki verið rétt reiknuð og var því ranglega heiðrað fyrir stigahæsta hund deildar og stigahæsta hund í OF og er það hér með leiðrétt.

Stigahæsti hundur í OF:

Arkenstone Með Allt Á Hreinu eigandi Hilda Friðriksdóttir og Jón Valdimarsson

Stigahæsti hundur deildarinnar:

Arkenstone Með Allt Á Hreinu eigandi Hilda Friðriksdóttir og Jón Valdimarsson

Viðauki II

Eftirfarandi athugasendur bærust eftir fundinn og samþykkti fráfarandi stjórn ekki breytingu á fundargerð en samþykkti að bæta þeim við sem viðauka.

Efni: Fundargerð ársfundur Vorstehdeildar dags. 29.02.2024.

Við undirritaðar, Anna Jóna Halldórsdóttir, Díana Sigurfinnsdóttir og Erla Sigríður Sævarsdóttir höfum lesið fundargerð ársfundar Vorstehdeildar árið 2024 og gerum kröfu um að málgreinar verði felldar út úr fundargerðinni. Ástæðan sú að ekki er rétt með farið, orð tekin úr samhengi og upplýsingar einfaldlega rangar. Eftirfarandi eru málgreinarnar undir liðnum önnur mál og skýring meðfylgjandi:

1. Í málgreininni þar sem Anna Jóna Halldórsdóttir biður um orðið.

„Anna Jóna Halldórsdóttir biður um orðið Hún segir jafnframt að þeir hvolpar sem lifðu séu finir fjölskylduhundar.“

Rétt er að Anna Jóna tók hvolpana heim á þriðja degi vegna þess að tíkin var með sár á spena og enga mjólk í sér. Tíkin hafði farið í keisara eftir að hafa gotið 8 hvolpum og ástæðan að einn hvolpur var fastur í fæðingavegi, dauður og kom í ljós að enn var einn lifandi til viðbótar. Úr gotinu dóu 2 hvolpar á öðrum degi. Ástæðuna rekjum við til vannæringu tíkar.

Eftir ritara fundargerðar er sagt að Anna Jóna hafi sagt að aldrei ætti eftir að rækta undan þessum hvolpum. Það er ekki rétt eftir haft. Rétt er að Anna Jóna sagði: Það er enginn að fara að para í dag! Á þessum tveimur setningum er regin munur.

2. Í málgreininni:

„Anna Jóna talaði einnig um flogaveikina Ákveðið hefði verið að halda þessu leyndu í einhvern tíma.“

Rétt er að tíkin fékk flogakast þann 28. júní 2021. Tveir úr fyrri goti tíkarinnar fæddir 2019 fengu báðir flogakast með viku millibili í lok maí 2021, þá 2 ára. Rangt er að sagt hafi verið að ákveðið hefði verið að halda því leyndu í einhvern tíma. Rétt er að Anna Jóna bað ræktanda um að bíða þar til veiðitímabilinu lyki til þess að sjá hvort að flogaköstin komi við streitutengt ástand, sem kom í ljós að svo væri ekki. Nefna má að ræktandi tilkynnti öllum hvolpaeigendum á síðu ræktunarinnar og var ekki að fella neitt. Allir voru því upplýstir!

Ekki er ljóst hvað ritara Vorstehdeildarinnar gekk til með að fella út orðið „veiðitímabilinu“.

Í málgreininni:

„Kjartan sagði að aldrei ætti að falla frá ræktunarbanni á þessa hvolpa. Anna Jóna sagði það rétt vera en bætti við að það yrði aldrei ræktað undan þeim hvort sem er.“

Þessi málgrein er helber ósannindi í heild sinni. Og aftur, hvað ritara gekk til, er ekki ljóst. Það sem rétt er að Anna Jóna sagði: Það er enginn að fara að para í dag!

Aftur, það er regin munur á þessum tveimur setningum!

Farið er fram á það við stjórn Vorstehdeildar að þessar málgreinar falli út úr fundargerðinni eða texti lagfærður og sé rétt með farinn. Ekki var óskað eftir því að þessar umræður yrðu færðar til bókar og þetta gefur ekki rétta mynd af þeim umræðum sem þarna fóru fram. Þarna voru hlutir teknir úr samhengi og haft eftir fólki eitthvað sem var hluti af stærri umræðu. Það er bæði ómaklegt og illa gert að setja þetta fram með þessum hætti í fundargerð. Þessi fundarritun er heldur ekki til þess fallin að skapa traust í deildinni og í raun kemur hún í veg fyrir að almennar umræður geti átt sér stað á opnum fundum þar.

Með því að ræða um flogaveiki á þessum fundi var talið að efnið væri upplýsandi fyrir þá sem á hlýddu. Engir þessara hunda sem rætt var um taka flogaveikislyf, en með þá reynslu sem að Anna Jóna hefur skráð gegnum tíðina um flogaveiki, t.d. á hvaða tíma dags flogaköstin kæmu helst og á hvaða árstíma og sömuleiðis hvað fæði spilar líklega stóran þátt, var meira til þess að vera upplýsandi en ekki til þess að láta líta svo út að hefði átt að vera feluleikur gagnvart öðrum hvolpaeigendum. Að lesa þessa fundargerð var áfall. Umræðan var til þess að vera upplýsandi ekki til þess að persónan sjálf yrði gerð ómerk.